

4.fundur framkvæmdahóps um uppbyggingu golfvallar í landi Hafnarfjarðar, haldinn í fundarsalnum Sólbergi í ráðhúsinu, mánudaginn 7.september kl. 12:00

Starfshópur:

Guðmundur Árni Stefánsson, formaður
Amanda K. Ólafsdóttir
Ágúst Bjarni Garðarsson
Einar Geir Þorsteinsson sem var fjarverandi
Högni Friðþjófsson f.h. golfklúbbsins Setbergs
Ólafur Ingi Tómasson
Ólafur Þór Ágústsson f.h. golfklúbbsins Keilis

Með starfshópnum starfa:

Tinna Rós Steinsdóttir, íþróttafulltrúi
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Helga Benediktsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Skipan starfshóps og samþykkt bæjarráðs um verkefni hópsins.

Nýr starfshópur var skipaður og samþykktur af bæjarráði þann 6.ágúst 2026.

Í fylgiskjöllum við þessa fundargerð má finna afrit af erindisbréfi hópsins, sem og allar þrjár fundargerðir síðasta starfshóps.

2. Staða málsins, skipulag, hönnun og næstu skref, þ.m.t. næsti fundur.

Ólafur Þór leitar til þriggja golfhönnuða og leitar eftir tilboðum um frumhönnun svæðisins.

Guðmundur Árni leitar eftir svörum frá Golfsambandi Íslands varðandi áhuga á samstarfi um þjóðarleikvang.

Enn fremur var rætt um fjárhagsáætlun bæjarins og fjárþörf verkefnisins.

Vænta má þess að aðalskipulag bæjarins, og þar með svæðisins, verði staðfest í nóvember eða desember 2026.

Næsti fundur verður mánudaginn 21.september kl. 11:00 – 13:00. Hefst sá fundur á skrifstofum Hafnarfjarðar á Norðurhelli 2 og flyst svo á vettvang til að skoða svæðið.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum í lok fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50

Tinna Rós Steinsdóttir ritar fundargerð.

Erindisbréf

Málsnúmer 2601467

Um framkvæmdahóp um uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar. Hópurinn tekur við af framkvæmdahópi er skipaður var á liðnu kjörtímabili í framhaldi af fyrirliggjandi lokaskýrslu starfshóps um nýjan golfvöll dags. 7. júlí 2025.

Hlutverk:

Hópurinn starfar í tengslum við það markmið að koma til framkvæmdar uppbyggingu nýs golfvallar í landi sveitarfélagsins.

Meginverkefni hópsins eru:

- Fylgja eftir tillögum og forsendum sem fram koma í lokaskýrslu starfshóps um nýjan golfvöll.
- Fylgjast með framgangi verkefnisins og gera reglulega grein fyrir stöðu þess.
- Koma að útfærslu framkvæmda- og fjárhagsáætlunar.

Framkvæmdahópurinn skal hefja störf þá þegar eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði ráðsins. Vinna með hliðsjón af meginverkefnum hópsins skal kynnt fyrir bæjarráði reglulega.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir af hálfu hópsins eru haldnir eftir þörfum en formaður skal boða starfsmenn til fundar hverju sinni. Formaður skal jafnframt stýra skiptingum verkefna á milli starfsmanna hópsins og koma fyrir bæjarráð til kynningar á störfum.

Skipaðir eru 7 aðilar í framkvæmdahópinn:

3 fulltrúar frá meirihluta og þar af formaður starfshópsins.

2 fulltrúi frá minnihluta

1 frá Golfklúbbnum Keili.

1 frá Golfklúbbi Setbergs

Með hópnum starfa:

Sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Íþrótt og tómstundafulltrúi

Mögulegt er að boða aðra starfsmenn eftir þörfum til verkefna framkvæmdahópsins.

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Samþykkt í bæjarráði þann 6. ágúst 2026.

1. fundur framkvæmdahóps um uppbyggingu golfvallar í landi Hafnarfjarðar, haldinn í fundarsalnum Lóninu í ráðhúsinu, fimmtudaginn 22.janúar 2026 kl. 11:00

Starfshópur:

Ágúst Bjarni Garðarsson
Guðmundur Árni Stefánsson
Ólafur Ingi Tómasson sem var forfallaður
Jón Ingi Hákonarson
Högni Friðþjófsen
Ólafur Þór Ágústsson

Með starfshópnum starfa:

Tinna Rós Steinsdóttir, rekstrarstjóri íþrótt- og tómstundamála
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Helga Benediktsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Formaður kosinn

Ágúst Bjarni Garðarson kosinn

2. Erindisbréf og vinnulag hópsins

Erindisbréf lagt fram og formaður fór yfir það. Formaður leggur til að næsti fundur verði tileinkaður kynningum, annars vegar frá golfklúbbunum báðum, Keili og Setberg, og frá Golfsambandi Íslands. Það var samþykkt og formaður boðar Golfsambandið.

3. Stærð svæðis og staðsetning nýs golfvallar

Framkvæmdahópurinn bókar eftirfarandi: VSÓ Ráðgjöf ehf. og Landslag ehf. unnu valkostagreiningu fyrir Hafnarfjarðarbæ vegna staðsetningar nýs golfvallar. Í tengslum við þá vinnu fór starfshópur, ásamt starfsmönnum bæjarins og ráðgjöfum, í vettvangsferð í uppland Hafnarfjarðar. Að lokinni ítarlegri greiningu var það niðurstaða starfshópsins og greiningaraðila að valkostur D (281 ha) væri heppilegasti kosturinn fyrir nýjan golfvöll í Hafnarfirði.

Í niðurstöðukafla lokaskýrslu starfshópsins var lagt til að við endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar, sem nú stendur yfir, yrði unnið með valkost D og að viðkomandi svæði yrði skilgreint og fest undir golfvöll í aðalskipulagi.

Svæðið sem um ræðir er staðsett sunnan og vestan Stórhöfða, austan Krýsuvíkurveggar og norðan Bláfjallavegar, í samræmi við afmörkun í fyrrgreindri greiningarvinnu.

Framkvæmdahópur um nýjan golfvöll í landi Hafnarfjarðar hefur nú tekið til starfa og ítrekar fyrri niðurstöðu starfshóps um mikilvægi þess að halda þeirri afmörkun svæðisins í skipulagi sem mótuð var í fyrri vinnu. Sú afmörkun skapar forsendur fyrir markvissa og sjálfbæra þróun golf- og útivistarsvæðis til framtíðar og möguleika á uppbyggingu þjóðarleikvangs í samstarfi við GSÍ og ríkisvald.

4. Önnur mál

Samhljóða samþykkt að fela golfklúbbunum að hefja vinnu við þarfagreiningu.

Næsti fundur verður föstudaginn 30.janúar. Tímasetning óákveðin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.11:38.

Tinna Rós Steinsdóttir ritar fundargerð.

2. fundur framkvæmdahóps um uppbyggingu golfvallar í landi Hafnarfjarðar, haldinn í fundarsalnum Sólbergi í ráðhúsinu, föstudaginn 30.01.2026 kl. 14:00

Starfshópur:

Ágúst Bjarni Garðarsson
Guðmundur Árni Stefánsson
Ólafur Ingi Tómasson sem var fjarverandi.
Jón Ingi Hákonarson
Högni Friðbjófsen
Ólafur Þór Ágústsson

Með starfshópnum starfa:

Tinna Rós Steinsdóttir, rekstrarstjóri íþrótt- og tómstundamála
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Helga Benediksdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs sem var fjarverandi.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Kynning frá Golfsambandi Íslands

Hulda Bjarnadóttir, Brynjar Eldon Geirsson og Jón Stefánsson frá GSÍ kynntu hugmyndir að þjóðarleikvangi með góðri innanhúsaðstöðu og möguleikann á aðkomu Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins að slíku verkefni. Kynningin frá GSÍ er meðfylgjandi fundargerð.

3. Umræður um stærð vallar

Framkvæmdahópurinn ítrekar bókun frá fyrri fundi um stærð svæðis, nýtingarhlutfall og stærð mannvirkja. Leggur áherslu á að endanlega samþykkt aðalskipulagi taki mið af því.

4. Hönnun vallar

Ólafur Þór kynnti möguleikan á arkitektasamkeppni sem væri studd af European Institute of Golf Course Architects (EIGCA), sem eru með reglur og ut anumhald um slíkt. Kynningin og handbókin varðandi keppnina er meðfylgjandi fundargerð. Framkvæmdahópurinn felur Ólafi Þór og Högna að vinna þarfagreiningu fyrir mannvirki og svæði, og hefja samtal við EIGCA varðandi feril og kostnað við slíka samkeppni. Sigurður H og Tinna Rós verða með í því samtali.

Næsti fundur verður boðaður þegar svör liggja fyrir frá EIGCA.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum í lok fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15:17

Tinna Rós Steinsdóttir ritar fundargerð.

3. fundur framkvæmdahóps um uppbyggingu golfvallar í landi Hafnarfjarðar, haldinn í fundarsalnum Lóninu í ráðhúsinu, miðvikudaginn 11.03.2026 kl. 10:00

Starfshópur:

Ágúst Bjarni Garðarsson
Guðmundur Árni Stefánsson
Ólafur Ingi Tómasson sem var fjarverandi.
Jón Ingi Hákonarson
Högni Friðbjófsen
Ólafur Þór Ágústsson

Með starfshópnum starfa:

Tinna Rós Steinsdóttir, íþróttafulltrúi
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Helga Benediktsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs sem var fjarverandi.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Sameiginleg kynning frá Keili og Setbergi um svæðið undir golfvöllinn

Í samræmi við frumþarfagreiningu vegna uppbyggingar á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar leggur framkvæmdahópur um byggingu nýs golfvallar til við skipulags- og byggingarráð að í endurskoðun aðalskipulags 2026-2038 verði gerðar breytingar þannig að svæðið verði 265ha, nýtingin verði 135ha og byggingarmagn verði aukið í 15.000fm.

2. Hönnun vallar

Fulltrúum er falið að vinna málið áfram og eiga samskipti við European Institute of Golf Course Architects (EIGCA).

Næsti fundur verður ákveðinn þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum í lok fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50

Tinna Rós Steinsdóttir ritar fundargerð.